

Ed.

411. Nefndarátt

um frumvarp til laga um friðun Þingvalla.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Undirritaðir, meiri hluti nefndarinnar, (J. M. og S. H. K.) hafa eigi getað orðið hinum þriðja nefndarmanni (G. G.), meðflutningsmanni frumvarps

þessa, samdóma um það. Við erum ekki búnir til þess að ráða háttv. deild til að leggja gjald á gesti þá, er heimsækja vilja Þingvöll. Við höfum eigi heldur getað fallist á tillöguna um að skipa sjerstaka Þingvallanefnd; teljum nægilegt að þjóðmenjavörður hafi umsjónina með aðstoð skógræktarstjóra, undir yfirumsjón ríkisstjórnarinnar. Um sjerstakar ráðstafanir til þess að undirbúa þingstaðinn vegna minningarhátíðar þúsund ára afmælis Alþingis 1930 þykir oss sjálfsagt, að ríkisstjórnin hafi ráð þess manns, er skipaður er ritstjóri Alþingissögunnar, og þeirra manna, er honum eru settir til ráðuneytis í því efni. Nú vill svo til, að þjóðmenjavörður er skipaður til þessa, svo að frekari nefndarskipunar ætti ekki að þurfa.

Við erum þeirrar skoðunar, að friða eigi Þingvallaskóg, sjerstaklega fyrir of miklu skógarhöggi eða rífi, en um nauðsyn girðinga eru skoðanir skiftar. Svo er og sjálfsagt að halda áfram með það, sem nú er upp tekið og veitt fje til í fjárlögun, að laga þingstaðinn.

Með því að við erum þess fullvissir, að ríkisstjórnin láti sjer ant um mál þetta og komi með ráði þjóðmenjavarðar fram með tillögur til Alþingis um að gera það, sem þarf í þessu efni, þá ráðum við háttv. deild til þess, að máli þessu verði vísað til stjórnarinnar.

Alþingi, 21. apríl 1923.

Jón Magnússon, Sigurður H. Kvaran.
form., frsm.